

Málstefna Breiðholtsskóla



Breiðholtsskóli

Uppfært 2026

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Íslensk málstefna	2
Málstefna Reykjavíkurborgar og Aðalnámskrá grunnskóla	2
Málstefna Breiðholtsskóla	4
Sjónræn skilaboð og merkingar	6
Verkefni eftir mánuðum	7
Hugmyndir að verkefnum	8
Heimildir	9

Inngangur

Tilgangur málstefnu skóla er að leggja áhersla á að rækta íslenska tungu en um leið styðja virkt fjöltyngi og fjölmenningu innan skólans. Með málstefnunni er lögð áhersla á að íslenska er fyrsta tungumál skólans en um leið er fjölbreytileikanum fagnað og tungumálaforði nemenda nýttur sem auðlind í námi þeirra enda er tungumál nemenda stór hluti af sjálfsmynd þeirra.

Íslensk málstefna

Í Íslenskri málstefnu (Íslensk málnefnd, 2021) kemur fram að íslenska er þjóðartunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi samkvæmt lögum, þar með talið í íslenskum skólum.

Fjallað er um máluppeldi barna í Íslensku málstefnunni (Íslensk málnefnd, 2021) þar sem foreldrar, skólakerfið og stjórnvöld hafa mikilvægu hlutverki að gegna. Þar er lögð áhersla á jákvætt máluppeldi til að börn kjósi ekki ensku í stað íslenskunnar. Ýmsar leiðir eru nefndar eins og að tala við börn og lesa fyrir þau. Hvetja börn til að tjá sig, segja skoðanir sínar og rökstyðja mál sitt án þess að finna að málfari þeirra. Hvetja þau til að horfa á íslenska þætti, hlusta á íslenskt hlaðvarp og nota hvert tækifæri til málörvunar, málnotkunar og umræðna í skólum. Með færni í íslensku geta börn tileinkað sér bóklegt nám og því er hún ein af meginundirstöðum námsárangurs. Nemendur eiga að fá ríkuleg tækifæri til að þjálfra málfærni sína og nota málið til margvíslegrar sköpunar. Þetta á einnig við um nemendur sem eru með íslensku sem annað mál en íslenskan er þeim mikilvægur þáttur til að stuðla að félagslegri aðlögun.

Málstefna Reykjavíkurborgar og Aðalnámskrá grunnskóla

Breiðholtsskóli státar af fjölmennningarlegu samfélagi sem býr yfir mikilli tungumálaauðlind þar sem töluð eru yfir 25 mismunandi tungumál meðal nemenda og starfsmanna. Í Málstefnu Reykjavíkurborgar (2018) kemur fram að starfsfólk skuli nota íslensku í störfum sínum nema þar sem aðstæður krefjist þess, þá noti það önnur tungumál. Í kafla 19.1 í Aðalnámskrá grunnskóla (2022) kemur fram að mikilvægt sé að grunnskólar marki sér málstefnu á grundvelli Aðalnámskrár og Íslenskrar málstefnu sem Alþingi hefur samþykkt. Í Íslenskri málstefnu 2021-2030 (Íslensk málnefnd, 2021, bls.5) kemur fram að: „Máfærni barna í grunnskóla leggur grunninn að síðara námi. Íslenska er ekki einvörðungu námsgrein heldur mikilvægasta verkfærið í öllu námi.“ Málstefna Breiðholtsskóla byggir á Íslenskri málstefnu,

Málstefnu Reykjavíkurborgar og Aðalnámskrá grunnskóla. Henni er ætla að leggja áherslu á mikilvægi íslenskunáms allra nemenda og vera leiðarljós nemenda og starfsmanna í daglegum samskiptum innan skólans. Aðalmarkmið málstefnu Breiðholtsskóla eru:

Íslenska er sameiginlega tungumálið í Breiðholtsskóla og skólamál nemenda.

Markmiðið er að nemendur nái góðri færni í töluðu máli, læsi og ritun á íslensku.

Lögð er áhersla á við kennslu íslensku sem annars máls að nemendur kynnist íslenskri menningu og samfélagi. Þá er einnig lögð áhersla á félagslega inngildingu nemenda og að kynna þeim félags- og frístundastarf hverfisins.

Mikilvægt er að allt starfsfólk styðji við íslenskukennsluna með því að eiga samskipti við nemendur á íslensku. Markmið með kennslu íslensku sem annars máls eru að nemendur tileinki sér og læri íslensku þannig að þeir geti stundað alhliða nám í íslensku skólastarfi með jafnöldrum og tekið virkan þátt í samfélaginu (Aðalnámskrá grunnskóla, 2022). Lögð er áhersla á að nemendur fái fjölbreytt tækifæri til að æfa sig í að tala og skilja íslenskt mál og það er hlutverk allra starfsmanna skólasamfélagsins að gefa nemendum þau tækifæri.

Hlutverk foreldra er að styðja við íslenskunám barna sinna og rækta og þróa eigin móðurmál til að stuðla að virku fjöltyngi (Aðalnámskrá grunnskóla, 2022). Lestur á fjölbreyttum tungumálum styður við allan lestur nemenda og eflir tungumálaforða þeirra.

Málstefna Breiðholtsskóla

Íslenska er sameiginlega tungumálið í Breiðholtsskóla og skólamál nemenda.

Markmiðið er að nemendur nái góðri færni í töluðu máli, læsi og ritun á íslensku.

Leiðarljós

- Íslenska er skólatungumál okkar allra.
- Við tölum vandaða íslensku og notum ríkulegan orðaforða.
- Við erum stolt af íslenskunni og notum hvert tækifæri til að leika okkur með hana t.d. finna skemmtileg orð, skrifa sögur og ljóð.
- Nemendur og starfsmenn eru hvattir til að tala alltaf íslensku í skólanum, á göngum, í matsal og úti í frímínútum svo allir geti tekið þátt í leik og starfi.
- Við notum hvert tækifæri til að nemendur tjái sig á íslensku. Spyrjum opinna spurninga og tölum saman.
- Við hlustum af þolinmæði og leggjum áherslu á merkingu frekar en framburð, hreim eða málvillur.
- Endurtekning og þjálfun er mikilvæg í öllu tungumálanámi.
- Við leggjum markvisst inn grunnorðaforða og námsorðaforða og notum móðurmálið til að auka skilning og þekkingu á íslensku.
- Við val á afþreyingarefni veljum við efni á íslensku.

Virðing fyrir öðrum tungumálum

- Við berum virðingu fyrir öðrum tungumálum sem nemendur og starfsmenn tala.
- Önnur tungumál eru notuð til stuðnings þegar nemendur skilja ekki íslenskuna.
- Við sýnum öðrum virðingu og útilokum ekki aðra með tungumálinu.

Enska

Enska er kennd í skólanum sem námsgrein og nemendur nota hana mikið t.d. í netheimum. Það er gott að kunna ensku vel, nýta hana í námi og atvinnutækifærum í framtíðinni. Hlutverk Breiðholtsskóla er að undirbúa nemendur sína fyrir nám og þátttöku í samfélagi á Íslandi.

Í Breiðholtsskóla er töluð íslenska í kennslustundum nema þar sem kennd eru önnur tungumál. Ensku þarf ekki að nota sem millimál yfir í íslensku nema ef þörf krefur.

Þá er gott að:

- útskýra fyrst á íslensku
- útskýra aftur á ensku (ef nemandi hefur þekkingu í ensku)
- útskýra síðan aftur á íslensku.

Kennsla og fyrirmæli í kennslustundum eru alltaf á íslensku. Ef frekari skýringa er þörf má nota aðferðina hér fyrir ofan eða nýta móðurmál nemenda. Einnig er hægt að nýta myndir, látbragð, tákn með tali og þýðingarforrit.

Samskipti heimilis og skóla

- Skilaboð frá Breiðholtsskóla eru send heim á íslensku og ef þörf er á fylgir stuttur útdráttur á ensku um meginefni skilaboðanna sem auðvelt er að þýða í þýðingarforriti yfir á önnur tungumál. Kennarar og starfsfólk nýta túlkþjónustu ef nauðsyn ber til.
- Við kynnum foreldrum málstefnu skólans við upphaf skólaárs og við móttöku nýrra nemenda, förum yfir mikilvægi þess fyrir nemendur að ná tökum á íslenskunni og hvetjum þá um leið til að læra íslensku með börnum sínum.
- Við hvetjum foreldra til að móta sína eigin málstefnu heima og efla kunnáttu nemenda í sínum eigin tungumálum.
- Við sendum foreldrum slóðir á gagnlegt efni á netinu til að styðja við íslenskunám.
- Foreldrar, kennarar og starfsfólk ,301geta óskað eftir túlkþjónustu. Íslenskan er skólamál Breiðholtsskóla og við túlkum íslensku yfir á tungumál fölskyldunnar sé því við komið. Mikilvægt er að allir geti skilið upplýsingarnar, að allir hafi rödd og geti tekið þátt í samtalinu.

Sjónræn skilaboð og merkingar

Sjónræn skilaboð eru mjög gagnleg fyrir fjölbreyttan og fjöltyngdan hóp nemenda í Breiðholtsskóla. Með sjónrænum skilaboðum og merkingum eflum við tungumálaforða allra nemenda skólans og styðjum í leiðinni við lestrarnám. Lögð er áhersla á að skilaboðin séu með mynd og skýringartexta.

	Í anddyrum skólans bjóðum við alla velkomna á þeim tungumálum sem töluð eru í skólanum.
	Vísbendingar um staðsetningu skrifstofunnar hanga uppi á íslensku og ensku.
	Orðaforðaspjöld yfir skóhillur, skó, snaga og yfirhafnir hanga uppi.
	Allar stofur eru merktar með númeri og bekk og sérrými eru merkt með mynd og texta.
	Í öllum kennslustofum í 1. -7. bekk er sjónrænt dagskipulag upp á töflu.
	Í list- og verkgreinum og íþróttum eru veifur með myndum og orðum yfir helstu verkfæri og áhöld. Stofur eru merktar með einkennandi mynd.
	Í faggreinastofum er námsorðaforði settur upp með mynd og texta.
	Í matsalnum er matseðill dagsins sjónrænn og með skýringartexta.
	Allar reglur á svæðum eru bæði settar fram með mynd og texta. Þetta á einnig við um einstaka áminningar eins og „hengja upp úlpu“ og „skór í skóhillu“.
	Agaferill skólans er settur fram með mynd og texta.
	Ýmis hvatningarorð til nemenda hanga uppi, eins og „íslenska er skólamálið okkar“, „íslenska fyrst“, „hjálpumst að við að læra íslensku“.
	Ýmis verkefni unnin af nemendum um íslenskuna eru hengd upp á veggum t.d. málshættir, orðtök, slettur, skammstafanir og skilaboða ritháttur.
	Ýmis amboð tengd íslenskunni eru hengd upp í stofur eftir því sem við á.
	Nemendur eru hvattir til að búa til glósur með íslenskum hugtökum og móðurmáli sínu.

Verkefni eftir mánuðum	
Ágúst og september	Koma upp sjónrænum skilaboðum og merkingum Fara yfir hvaða orðaforða á að leggja áherslu á í hverjum mánuði/viku Dagur læsis 8. sept. – áhersla á skólaorðaforða Samsöngur á sal, íslensk popplög sungin Evrópski tungumáladagurinn verkefnið „Velkomin“ sett upp í anddyrum undir stjórn 6. bekkjar
Október	Skilaboð til foreldra um málstefnu t.d. í foreldraviðtölum Fara yfir stöðu nemenda í íslensku og lestri í foreldraviðtölum Nemendur í 5. bekk fara og lesa fyrir leikskólabörn
Nóvember	Vinadagar – vinabekkir hittast – áhersla á orðaforða um vináttu, frið og kærleika Dagur íslenskrar tungu, fræðsla á sal undir stjórn 9. bekkjar – samsöngur – gömul þjóðlög sungin
Desember	Samsöngur vinabekkja – íslensk jólalög sungin Nemendur í 1. – 4. bekk læra um íslensku jólasveinana Nemendur í 1. bekk og elstu nemendur leikskóla syngja saman og flytja atriði á sal Nemendur í 7. bekk flytja helgileikinn með texta og söng
Janúar	Yfirfara sjónræn skilaboð og merkingar Bíódagar í lok janúar – allir árgangar horfa á eina íslenska mynd við hæfi hvers aldurs
Febrúar	Fara yfir stöðu nemenda í íslensku og lestri í foreldraviðtölum Samsöngur – rútubílasöngvar sungnir
Mars	Árshátíð nemenda – allir nemendur koma fram
Apríl	Fyrir páska - vinna með orðtök og málshætti í öllum árgöngum, skoða málshætti frá öðrum löndum og reyna að þýða á íslensku
Mái	Mat á stöðu nemenda í íslensku - foreldrar ísatnemenda fá upplýsingar um á hvaða stigi þeir eru

Hugmyndir að verkefnum

Hlusta á tónlist og vinna með merkingu textanna, þýða texta frá móðurmáli á íslensku og öfugt

Horfa á íslenskar myndir og þætti t.d. teiknimyndir, Krakka rúv og heimildamyndir

Gera stuttmyndir í tengslum við námsefni

Semja og setja upp leikþætti og leikrit á íslensku – sýna foreldrum

Nemendur kynni verkefni sín fyrir hvert öðru og foreldrum

Ræðukeppni

Ljóðaslamm

Spurningakeppni

Smásögukeppni innan skólans

Ýmis spil og leikir

Orðasúpur og orðasöfn

Orð dagsins – orð vikunnar

- sett upp á skjá í matsal – ýmis vinna með orðið: fallbeygja, setningar með orðinu, samheiti – andheiti, eintala – fleirtala, rímorð, orð í orði, forskeyti, viðskeyti

Nýyrðasmíð

Safna skemmtilegum og skrítnum orðum

Orð í námsorðaforða lögð sérstaklega inn og sett upp á vegg

Fjölbreyttur heimalestur

Myndaorðagátur

Fjölbreyttur orðaforði á þemadögum

Annað hvert ár eru fjölmenningardagar þar sem lögð er áhersla á upprunalönd og tungumál nemenda. Ýmis verkefni unnin og tengd mismunandi námsgreinum. Dæmi um þemu gætu verið bókmenntir, bíómyndir, rithöfundar, íþróttafólk, tónlistarfólk og annað sem nemendur hafa áhuga á.

Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi (2020) er uppfyllt af góðum hugmyndum sem má nýta í skólastarfi.

Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti /2011.

Aðalnámskrá grunnskóla 2022: Íslenska sem annað tungumál /2022.

Íslensk málnefnd. (2021). *Íslensk málstefna 2021-2030*. https://islenskan.is/wp-content/uploads/2022/12/islensk_malstefna_sept_2021.pdf

Málstefna Reykjavíkurborgar. (2018).

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/malstefna_reykjavikurborgar_-_19_mai.pdf